

59 28. maí 1969 um tollheimtu og toleftirlit ásamt síðari breytingum, skal öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma er úr gildi numin reglugerð nr. 335 13. júlí 1981 og reglugerð nr. 446 7. apríl 1982.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1982.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 445/1978 um flokkun eiturefna og hættulegra efna.

1. gr.

Ný efni, sem raðað er á lista I og II sem hér greinir:

Listi I

(Sterk eiturefni, sterkt eitur).

KADMÍUMSAMBÖND, ólífræn, önnur en kadmíumsúlfið.

Listi II

(Eiturefni, eitur).

BENOMYL.
BRÓMADÍÓLÓN.

2. gr.

Ný efni, sem raðað er á lista III sem hér greinir:

Listi III

(Hættuleg efni).

BROMPHENOXIM.
CARBARYL.
CHLORFENSON.
FOLPET.
TÍABENDAZÓL.

3. gr.

Af lista II fellur brott:

KADMÍUMSAMBÖND, ólífræn, önnur en kadmíumsúlfið.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85 31. desember 1968, sbr. lög um breytingu á þeim lögum nr. 27 18. apríl 1973, og öðlast þegar gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1982.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.